

**AUGLÝSING****um tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala.**

Vátryggingafjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar um löggildingu fasteigna- og skipasala, nr. 520 24. nóvember 1987, skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1993 til 30. nóvember 1994:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður 4.436.638,00 kr. en þó aldrei hærri en 13.309.914,00 kr. innan hvers vátryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður 5.323.966,00 kr.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. nóvember 1993.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

**REGLUGERÐ****um breytingu á reglugerð nr. 346, 7. september 1992,  
um þorskfisknet.**

1. gr.

2. mgr. 1. gr. reglugerðarinnar fellur niður.

2. gr.

2. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, skal vera 6 þumlungar (152 mm). Óheimilt er að hafa um borð í veiðiskipi þorskfisknet með minni en 6 þumlunga möskva.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. desember 1993.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*